

Burstarfell í Vopnafirði



Burstarfell. GLH 2007.

Byggingarár: Um miðja 19. öld en er eldri að stofni til.

Hönnuður: Fremri stofu, sem reist var 1851–1852, Einar Einarsson bóndi og gullsmiður á Burstarfelli.

Hönnuður: Baðstofu og stofu undir henni sem reist var 1877, Árni Jónsson snikkari frá Hólum í Vopnafirði.


Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1943.

Minjasafn frá 1982.

Friðaður 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Burstarfell er torfhús, að hluta til byggt úr steinsteypu, sem telur 17 hús, um 30 m að lengd og 26 m á breidd, og að auki stendur við bæinn þerrihjallur. Bærinn snýr stöfnum sex portbyggðra húsa til suðausturs fram á bæjarhlað. Vestast eru þrjár skemmur: fremsta skemma, Jónsskemma og smíðaskemma. Þá koma þrjú portbyggð hús; fremri stofa, bæjardyr og baðstofuhús austast. Í innri hluta bæjardyra er þverþil, stigi að austanverðu upp á bæjardyrarloft en kompa í veggnum að vestanverðu. Innan við bæjardyr er þvergangur. Á ganginum vestanverðum er stigi upp á tvískipt svefnloft yfir fremri stofu, kallað *Uppi hjá okkur*. Við enda þvergangs er eldhús og á því dyr að Dimma gangi í innri hluta tveggja austari skemmanna. Norðan megin við þvergang eru kyndiklefi og salerni, bæði með steinsteyptum veggjum. Að austanverðu er gengið af ganginum inn á gang með stiga og litlu búi á neðri hæð baðstofuhúss. Ytri stofa, eða gestastofa, er í suðurenda og piltúsi í norðurenda. Miðbaðstofa er í miðhluta efri hæðar og kames gegnt síga að vestanverðu, hjónahús er í suðurenda og gestaherbergi í norðurenda. Gegnt bæjardyrum eru dyr að bæjargöngum, krókgangi, sem liggja fyrst til norðurs en sveigja til vesturs að hlóðaeldhúsi. Steinsteyptir veggir eru vestan megin í bæjargöngum og sunnan megin í hlóðaeldhúsi. Norðan

bæjarganga og austan hlóðældhúss er jarðfastur klettur sem bæjarhúsin eru byggð í kringum. Fremra búr og tunnubúr eru vestan við hlóðældhús og fjós norður úr hlóðældhúsi. Gaflar í fjósi eru steinsteyptir og við austurenda þess er haughús en skemma að vestanverðu. Vestast á norðurfjósvegg eru dyr að brunnhúsi og inn af því að vestanverðu er kofi. Smiðja er norðan við baðstofuhús og vestan við fremra búr er hjallur.



Burstarfell, grunnmynd. Teikning Helga Hjálmarssonar, Ulrik Stahr og Haralds V. Haraldssonar.

Neðri hluti veggja er hlaðinn úr grjóti en efri torfhlaðinn og á húsunum flestum er risþak klætt bárujárni undir torfþekju. Stafnar framhúsa, smiðju og norðvesturskemmu eru klæddir listapili en bakstafnar framhúsa eru pappaklæddir og frá þeim er gengið með vindskeiðum með afturslætti. Á tveimur vestustu skemmum eru tveir fjöggra rúðu gluggar og dyr austast á stöfnum. Dyr eru á miðjum stafni austustu skemmunnar og á stafninum þrjár fjöggra rúðu gluggar og einn á gaflhlaði að norðanverðu. Þrjár sex rúðu gluggar eru á stofuþili og fjöggra rúðu gluggi að norðanverðu. Útidyr eru á miðju bæjardyrabili, tveggja rúðu gluggi er við þær hvorum megin og samfelld vatnsbretti yfir þeim og sveigskorin brík yfir dyrum. Fjöggra rúðu gluggi er upp yfir dyrum og annar bakatil. Á baðstofuþili eru þrjár sex rúðu gluggar með miðpósti, á austurhlíð eru tveir gluggar í djúpum glugghúsum, annar þeirra tvískiptur með tveimur þriggja rúðu römmum sem bera birtu að stiga og búi og hinn glugginn er með sex rúðum og er á norðurherbergi. Á súð að austanverðu er kvistur með tveggja rúðu glugga, einn að vestanverðu og fjórir með fjöggra rúðu

glugga. Dyr eru á miðju smiðjuþili og fjöggra rúðu gluggi, breiðar dyr eru á norðurhlið haughúss, dyr eru á brunnhúsi og aðrar á norðurhlið kofa og tveggja rúðu gluggi á gaffhlaði vestan megin og tveir tveggja rúðu gluggar á fjóssúð. Tvíbreiðar dyr eru á norðvesturskemmu og fjöggra rúðu gluggi yfir þeim. Tveir þriggja rúðu gluggar eru á vesturhlið búrs og gluggi er á gaffhlaði hlóðældhúss að sunnanverðu. Skúrþak er yfir bæjargöngum, salerni, kyndiklefa og eldhúsi og tyrft að hluta. Þakgluggi er yfir bæjargöngum og salerni og gluggi efst á vesturhlið eldhúss. Hjallur er klæddur rimum á grind og þak er bárujárnsklætt.

Veggir í skemmunum þremur eru að innan hlaðnir úr grjóti og streng og frampil eru óklædd að innan. Í skemmumni að vestanverðu eru stoðir, skástífur, þverbitar, veggssyllur og toppsperrur, með hanabjálkum ofarlega, og reisisúð á langböndum. Hinar tvær skemmurnar eru eins útbúnar en eru loft á bitum og kálfspernum og gaffhlöð að framanverðu eru borðaklædd. Bæjardyr eru klæddar standþiljum með ánegldum brjóstlista, loft er borðalagt á bita og bæjardyrloft er klætt standþiljum og panelborðum og yfir er reisisúð á langböndum og krosssperrum. Gangur er klæddur sléttum panelborðum og plötum og yfir er slétt panelklætt loft. Vesturstofa er klædd brjóstþili með reitum að ofan og loft er borðalagt á klædda bita. Stofuloft að norðanverðu er klætt spjaldþili en brjóstþili og standþiljum að framanverðu. Gangur á neðri hæð baðstofuhúss er klæddur standþiljum og sléttum panelborðum, búr er klætt spjaldþili, sléttum panelborðum og plötum. Stofa er klædd brjóstþili með standþiljum að neðan og veggfóðri að ofan og herbergi klætt spjaldþili. Í þessum herbergjum er loft plötuklætt milli klæddra bita. Baðstofa og suðurherbergi eru klædd spjaldþili og standþiljum, kames er klætt spjaldþili með plötum og norðurherbergi er klætt strikuðum panelborðum. Í þessum herbergjum er reisisúð á langböndum en í suðurherbergi súð borðaklædd á sperrum. Eldhús, kyndiklefi og salerni eru múrhúðuð og hluti eldhúss einnig plötuklæddur. Í eldhúsi og kyndiklefa er plötuklædd súð en panelklædd á salerni. Í bæjargöngum eru annars vegar múrhúðaðir veggir og torfhlaðnir og yfir bárujárn á langböndum og bitum. Sudurgafli í hlóðældhúsi er múrhúðaður en aðrir veggir torfhlaðnir. Stoðir eru við vegg, veggssylla og þverbitar. Undir endilöngu þaki eru tveir ásar sem studdir eru stuttstöðum á þverbitunum. Raftar eru á milli veggja og ása og á þeim skarsúð eða reiðingur. Stuttbitar eru á milli ása og á þeim gisin borðaklæðning og reiðingur. Torfveggir eru í búri, stoðir, veggssylla, þverbitar, krosssperrur með hanabjálkum og langböndum undir bárujárni. Í fjósi styðja básastoðir undir mænisás og á honum eru raftar út á veggssyllu ofan á veggstöðum. Þak á kofa og brunnhúsi hvílir á veggslögju ofan á torfveggjum og eru stoðir undir sumum sperrum út við vegg. Mænisás er undir sperrum og stoð undir hvorum enda, langbönd á sperrum og bárujárn yfir. Í haughúsi eru torfveggir og steinsteyptur veggur, stoðir, veggssylla, sperrur og á þeim langbönd og bárujárn. Undir sperrum er mænisás studdur stöðum. Á smiðju er sperruþak á þverbitaendum á veggssyllu og stöðum og hanabjálkar á þeim ofarlega, langbönd og bárujárn. Í norðvesturskemmu er bárujárnsþak á langböndum og sperrum. Íveruhús bæjarins eru máluð að innan nema bæjardyrloft.



Fremri stofa. GLH 2007.



Baðstofa. GLH 2005.